

Ed.

216. Breytingartillaga

[42. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur og Páli Zóphóníassyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skylt skal verðgæzlustjóra að birta nöfn þeirra, sem verða uppvísir að óhóflegri álagningu á vöru eða þjónustu, sem frjálst verðlag er á. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar skyldu.